

Mánudaginn 7. maí 1979.

Nr. 47/1977. **Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi
í Reykjavík, f. h.
þrotabús Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
**Einari Ingimundarsyni, uppboðshaldara
í Kjósarsýslu,
vegna Benedikts Blöndal
Gjaldheimtunnar í Reykjavík
Jórunnar Melax
Tryggva Einarssonar og
þrotabús Einars S. Jónssonar
og gagnsök**
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Vanhæfi dómara. Uppboðsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bú Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar var hinn 25. mars 1977 tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabúið tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. mars 1977. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1977. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að héraðsdómurinn hafi verið vanhæfur til að dæma mál þetta

í héraði, þar sem hann hafi sjálfur verið uppboðshaldari á sölupingum, er landspilda sú var boðin upp, sem Hlöðver Örn Vilhjálmsson varð hæstbjóðandi að.

Ekki verður á það fallist, að þetta eigi að valda því, að dómariinn hafi átt að víkja sæti í máli þessu. Þá verður ekki talið, að neinir þeir annmarkar séu á hinum áfrýjaða dómi eða meðferð aukadómpingsmálsins í héraði, að ómerkingu varði.

Hlöðver Örn Vilhjálmsson sótti sjálfur þing í héraði, er málið var þingfest. Er bókað í þingbók, að dómari hafi leiðbeint honum, einkum um það, hverju það varðaði, ef þingsókn félli niður af hans hálfu. Í næsta þinghaldi sótti lögmaður þing af hálfu Hlöðvers Arnar og fékk frest til greinargerðar. Eftir það var ekki sótt þing af hans hálfu, og var málið dómtekið, án þess að hann andmælti kröfum gagnáfrýjanda. Hefur engin skýring komið fram á því, hvers vegna varnir komu ekki fram af hans hálfu. Aðaláfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Ákvörðun héraðsdóms um vexti hefur ekki verið andmælt. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur samtals.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en málskostnað varðar.

Aðaláfrýjandi, Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi í Reykjavík, f. h. þrotabús Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar greiði gagnáfrýjanda, Einari Ingimundarsyni, uppboðshaldara í Kjósarsýslu, vegna Benedikts Blöndal, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Jórunnar Melax, Tryggva Einarssonar og þrotabús Einaris S. Jónssonar, samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjésarsýslu 27. janúar 1977.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. janúar 1977, hefur Elías I. Eliasson, fyrrum sýslumaður í Kjésarsýslu, höfðað sem uppboðshaldari vegna Tryggva Einarssonar, Miðdal, Mosfellshreppi, Jórunnar Melax, Asparfelli 10, Reykjavík, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmans, Ásvallagötu 60, Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Más Péturssonar, skiptaráðanda í Garðakaupstað, f. h. þrotabús Einars S. Jónssonar með stefnu, birtri 19. nóvember 1976, á hendur Hlöðver Erni Vilhjálmssyni, Álfheimum 28, Reykjavík, til greiðslu á uppboðsandvirði landspildu úr Miðdal I, Mosfellshreppi og uppboðskostnaði, samtals að fjárhæð kr. 5.359.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af kr. 1.659.000 frá 1. október 1976 til 17. nóvember s. á., af kr. 5.359.000 frá þeim degi til greiðsludags og málkostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Samkvæmt greinargerð stefnanda og framlögðum gögnum eru málavextir þeir, að stefndi varð hæstbjóðandi í landspildu úr landi Miðdals I í Mosfellssveit, þinglesna eign Einars S. Jónssonar og Vilhjálmss Hjalmarssonar, á öðru og síðasta uppboði, sem fram fór 12. júlí 1976. Boð hans var kr. 5.200.000. Uppboðskostnaður er kr. 159.000. Boð stefnda var ítrekað og samþykkt í uppboðsdómi 21. september 1976. Stefndi hefur hvorki staðið skil á uppboðsandvirðinu né uppboðskostnaðinum.

Umboðsmaður stefnanda kveður málið höfðað af uppboðshaldara, með heimild í síðasta málslið 35. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, vegna þeirra aðilja, sem greiðslu hefðu fengið af uppboðsandvirði. Hann kveður Tryggva Einarsson vera eiganda veðskuldabréfs að fjárhæð kr. 2.900.000, útgefins til handhafa 26. maí 1975, með 1. veðrétti í hinni seldu eign, enn fremur tryggingarbréfs að fjárhæð kr. 100.000, útgefins sama dag með 3. veðrétti. Jórinni Melax kveður hann vera aðfararveðhafa samkvæmt fjárnámi, dags. 23. ágúst 1974, og Gjaldheimtuna í Reykjavík aðfararveðhafa samkvæmt lögtaki fyrir opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 131.450. Loks kveður hann eftirstöðvar uppboðsandvirðisins, eftir að samningsveð og aðfararveð hefðu verið greidd, mundu ganga til Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmans sem réttihafa samkvæmt afsalsbréfi Einars S. Jónssonar fyrir 1/2 ha af áður nefndri spildu til Vilhjálmss Hjalmarssonar, dags. 7. maí 1975, sbr. framsal dags. 20. sept. 1969, og/eða þrotabús Einars S. Jónssonar, sem telst eigandi spildunnar að öðru leyti.

Af hálfu stefnenda er tekið fram, að uppboðsbeiðendur séu ábyrgir gagnvart uppboðshaldara fyrir uppboðskostnaðinum.

Af stefnda hálfu var sótt þing við þingfestingu málsins, en síðan hefur þingsókn af hans hálfu fallið niður. Verður þá samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum að því leyti sem þau samrýmast dómkröfum málsins.

Sóknaraðili þykir eiga rétt á dráttarvöxtum, en þeir þykja hæfilega ákveðnir 14% ársvextir. Að öðru leyti ber að fallast á dómkröfur stefnanda.

Málkostnaður ákveðst kr. 395.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, héraðsdómari í Kjósarsýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hlöðver Örn Vilhjálmsson, greiði stefnanda, uppboðshaldaranum í Kjósarsýslu vegna Tryggva Einarssonar, Jórunnar Melax, Benedikts Blöndal, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og þrotabús Einars S. Jónssonar, kr. 5.359.000 með 14% ársvöxtum af kr. 1.659.000 frá 1. október 1976 til 17. nóvember s. á. og af kr. 5.359.000 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 395.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
